

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út breytingu á starfsleyfi fyrir Sorpurðun Vesturlands hf., kt. 530697-2829, til urðunar úrgangs í Fíflholtum, Borgarbyggð.

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Breytingin öðlast þegar gildi og gildir starfsleyfið til 5. febrúar 2028.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna.

Umhverfisstofnun, 12. júlí 2017.

Kristín Linda Árnadóttir forstjóri.

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur.